

AÐALFUNDUR SMALAHUNDAFÉLAGS ÍSLANDS 2012

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands var haldinn á Snorrastöðum á Snæfellsnesi föstudaginn 31. ágúst, 2012.

Mætt voru:

Björn Viggó Björnsson	Jón Geir Ólafsson	Aðalsteinn Aðalsteinsson
Halldór Sigurkarlsson	Jón Axel Jónsson	Elísabet Gunnarsdóttir
Davíð Þór Kristjánsson	Kristjón Magnússon	Aðalsteinn H. Hreinsson
Ásbjörn Pálsson	Valgeir Þór Magnússon	Gísli Þórðarson
Svanur Guðmundsson	Hilmar Sturluson	

Fyrverandi formaður Hilmar Sturluson setti fundinn í fjarveru stjórnar.

1. Svanur Guðmundsson skipaður fundarstjóri og Gísli Þórðarson fundarritari.

2. Skýrsla stjórnar:

Hilmar flutti skýrslu stjórnar. Engir formlegir stjórnarfundir haldnir á árinu. Formaður stofnaði deild með Hörgdælingum. Mikil vinna fór í ættarforritið Snata sem var opnað í lok sumars í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Námskeiðsmál glæddust á árinu. Samstarf hafið við LBHÍ um ritun kennslubókar um fjárhundatamningar.

3. Skýrsla deildarformanna:

Reynt er að halda námskeið, sýningar og keppnir á árinu.

4. Reikningar:

Tekjur 911.500,- Gjöld 400.404,-

Hagnaður 515.099,- Skuldir og eigið fé 1.536.239,-

Reikningar samþykktir samhljóða.

5. Inntaka nýrra félaga:

Björn Viggó Björnsson, Rauðanesi, 311 Borgarnes

Elín Heiða Valsdóttir, Úthlíð, 880 Kirkjubæjarklaustur

Arnfríður Sædís Jóhannesardóttir, Herjólfsstöðum, 880 Kirkjubæjarklaustur

Halldór Sigurkarlsson, Hrossholti, 311 Borgarnes

Samþykkt samhljóða.

6. Kosningar:

Kosið um sæti Marsibil Erlendsdóttur sem átti að gange úr stjórn. Elísabet Gunnarsdóttir kjörin. Marsibil baðst undan endurkjöri. Þakkað fyrir frábær störf í þágu félagsins.

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Lárus Sigurðsson, Gilsá, og Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi.

7. Önnur mál:

Hilmar kynnti ættfræðiforritið Snata. Tíkareigandi sér um að skrá hvolpa inn í forritið en hundeigandi samþykkir skráningu.

Tillaga formanna að hækka ársgjöld úr 2000 upp í 3500,- kr. Samþykkt samhljóða.

Lógó fyrir Smalahundafélagið. Aðalsteinn Aðalsteinsson Húsatóftum tók að sér að athuga málið fyrir næsta aðalfund.

Smalahundadeild Árnesinga býðst til að halda Landskeppni árið 2013.

Fundurinn lýsti yfir ánægju með vel heppnað námskeið í Mýrdal sem var haldið dagana 30. og 31. ágúst, 2012, á vegum smalahundadeilda Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Fundargerð upplesin og samþykkt

Gísli Þórðarson, fundarritari

Svanur Guðmundsson, fundarstjóri



Gísli Þórðarson frá Mýrdal og James P. McGee leiðbeinandi frá Írlandi
ræða málin á námskeiðinu sem var haldið í Mýrdal



Hluti þátttakenda á námskeiðinu ásamt leiðbeinandanum, James P. McGee